

2. júní 2004

## **-Fréttir af störfum réttindanefndar BSRB-**

Síðustu sex mánuði hefur réttindanefnd BSRB fjallað um mörg og ólík viðfangsefni og verður sagt frá því hér í þessu fréttabréfi. Nokkur erindi bárust nefndinni á þessu tímabili. Verður ekki farið í að reifa þau hér þar sem nú eru öll álit nefndarinnar sett á heimasíðu BSRB ( [www.bsrb.is](http://www.bsrb.is)) undir réttindavefur. Á réttindavefnum er jafnframt hægt að finna helstu lög og reglugerðir, dóma, úrskurði og vísun í fjölmargar nefndir sem fjalla um réttindamál starfsmanna. Önnur mál sem réttindanefnd hefur fjallað um eru eftirfarandi:

### **1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.**

Mikil vinna hefur farið í að mótmæla þessu frumvarpi. Þegar þetta er ritað var Alþingi að taka ákvörðun um að fresta frumvarpinu til haustsins. Er það von réttindanefndar að þetta frumvarp muni ekki vera lagt fyrir aftur en það mun tíminn leiða í ljós.

### **2. Nefnd um endurskoðun á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Frá því að frumvarpið um réttindi og skyldur var lagt fram hefur öll vinna í þessari nefnd legið niðri þar sem engar forsendur voru til staðar að vinna í samráði endurskoðun á þessum lögum þegar það var ekki gert í tengslum við frumvarpið um réttindi og skyldur.

### **3. Lög um hlutastörf.**

Þrátt fyrir mikla andstöðu BSRB og fleiri samtaka launafólks var frumvarpið samþykkt á Alþingi án þess að tekið hafði verið tillit til sjónarmiða aðilanna. Helstu rök okkar voru þau að tímavinnustarfsfólk ætti að falla undir lögina en var það ekki samþykkt. Í síðasta fréttabréfi fylgdi með ítarleg umsögn BSRB um lögina.

### **4. Ýmis frumvörp.**

Réttindanefnd hefur tekið til umræðu ýmis önnur frumvörp sem hafa verið send til umsagnar BSRB. Sem dæmi má nefna frumvarp til laga um fullnustu refsinga. Í frumvarpinu voru ákvæði sem tóku til fangavarda og um 5 ára skipun embættismanna. Þá var frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þ.e. um refsihækkun opinberra starfsmanna. Var réttindanefndin að skoða þetta út frá

almennum sjónarmiðum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Var ekki gefin umsögn um þetta frumvarp þar sem það var svo ekki lagt fram í þinginu.

#### **5. Dreifibréf frá fjármálaráðuneytinu.**

Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins gefur út dreifibréf með túlkun á réttindum ríkisstarfsmanna. Hefur réttindanefnd fjallað um nokkur þeirra. Í dreifibréfi nr. 1/2004 er fjallað um 19. gr. starfsmannalaganna um breytingu á starfi. Réttindanefnd telur áhyggjuefni að þarna sé verið að túlka ákvæði starfsmannalaganna mjög rúmt varðandi tilfærslu í starfi til lækkunar.

#### **6. Siða- og starfsreglur kjörinna fulltrúa og embættismanna Reykjavíkurborgar.**

BSRB á fulltrúa í starfsnefnd á vegum Reykjavíkurborgar sem er að skoða hvort setja eigi siða- og starfsreglur fyrir kjörna fulltrúa og embættismenn Reykjavíkurborgar. Fulltrúi BSRB hefur kynnt vinnu þessarar starfsnefndar í réttindanefnd. Var t.d. rætt í réttindanefnd að mikilvægt sé að siðareglur séu einfaldar og fáar.

#### **7. Oracle og TimeCare vakta- og viðverukerfin.**

Réttindanefndin fékk á sinn fund fulltrúa starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins til að ræða nýju vakta- og viðverukerfin sem farið er að nota á nokkrum deildum LSH. Þessi kerfi eru enn í mótun. Það hafi komið upp nokkrar villur sérstaklega hvað varðar hvíldartímaákvæði þar sem misjafnt er eftir stéttarfélögum hvernig þau eru. Þá hefur líka verið uppgjörsvandamál á vinnuskyldu Óskaði réttindanefndin eftir því að starfsmannaskrifstofan hefði samráð um þessi kerfi við BSRB.

F.h. réttindanefndar BSRB

---

Erna Guðmundsdóttir, hdl.